

Rv. 18. desember 2006

Efni: Fréttir af störfum réttindanefndar BSRB

Í desember var 100. fundur réttindanefndar haldinn og var skýrt frá því í dreifibréfi BSRB fyrir í þessum mánuði. Í þessu fréttabréfi réttindanefndar verður sagt frá helstu málefnum réttindanefndar sl. mánuði. Að venju eru málin fjölbreytt og varða einstaklingsmál og sameiginlega hagsmuni aðildarfélaga BSRB.

1. Réttur til fæðispeninga eða aðgangi að mötuneyti.

Tollvarðafélag Íslands óskaði eftir túlkun á kjarasamningsákvæðum 2.6.10 og 3.4.4 í kjarasamningsákvæði félagsins og hvort vaktavinnustarfsmenn eigi rétt á fæðispeningum eða rétt á aðgangi að mötuneyti. Í svari réttindanefndar kom fram að vaktavinnustarfmönnum sé heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Á vinnustöðum þar sem mötuneyti eru til staðar hafi vaktavinnustarfsmenn haft jafnan aðgang að því og dagvinnustarfsmenn, þ.e. svo fremi sem því verði við komið starfsins vegna. Þar sem vaktavinnustarfsmenn hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma tekur ákvæði 3.4.4 ekki til vaktavinnustarfmanna. Þeir uppfylla ekki skilyrðið í 3. tl. kjarasamningsákvæðis 3.4.4 að matarhlé þeirra sé ½ klst. og vegna þessa eiga vaktavinnustarfsmenn því ekki rétt á fæðispeningum. Nefndin benti hins vegar á að það sé ávallt heimilt að gera betur en lágmarksákvæði kjarasamninga kveða á um. Í þessu tilviki sem um ræðir er vilji hjá vinnuveitanda að greiða fæðispeninga með því skilyrði að nýta ekki mötuneytið. Þar sem starfsmennirnir eiga almennt ekki rétt á fæðispeningum samkvæmt kjarasamningi þá verða starfsmennirnir að gera það upp við sig hvort þeir vilji gangast við þessu skilyrði og fá greidda fæðispeninga í staðinn fyrir að nýta ekki mötuneytið.

2. Málefni vaktavinnustarfmanna-Staðan.

Staðan er sú að Rannsóknastofnun í vinnuvernd er að leggja lokahönd á könnunina. Framkvæmd könnunarinnar dróst þar sem það kom í ljós að Landspítali-Háskólasjúkrahús þurfti mun lengri tíma en Rannsóknastofnan hafði gert ráð fyrir þar sem erindið þurfti að fara fyrir siðanefnina. Þar á eftir þurfti að kynna könnunina á sviðsstjórafundi hjá öllum á sviðunum sem tóku þátt. Til þess að spurningalistinn færi út til allra sem taka þátt í könnuninni þá var beðið með að senda hann út á aðra staði þar til LSH væri tilbúinn.

Þegar allir vinnustaðirnir verða búnir að skila spurningalistunum af sér til Rannsóknastofnunar hefst vinna við að fara yfir skilin, reikna út svörun og skanna inn listana. Að því verki loknu

hefjast skýrsluskrif. Vegna þessara tafa verður lokaskýrslunni skilað um mánaðarmót janúar/febrúar.

3. Starfshópur um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Stofnaður var starfshópur á vegum félagsmálaráðherra um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og er réttindanefndin bakhópur fulltrúa BSRB í nefndinni. Starfshópurinn hefur komið saman nánast vikulega frá því í haust og fjallað um lykilsurningar t.d. hvernig styrkja eigi gildandi vinnumarkaðskerfi og þá hvernig skrá eigi fyrirtæki, hvernig opinberu eftirliti eigi að vera háttað, persónuskilríki á vinnustað o.fl. Meðfylgjandi er minnisblað um frumvarp sem er afrakstur af starfi nefndarinnar.

4. Samningur um fjarvinnu

BSRB, BHM og KÍ undirrituðu þann 20. október samkomulag við ríkið, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um fjarvinnslu. Með þessu samkomulagi var innleiddur rammisamningur á Evrópuvísu sem tekur til fjarvinnslustarfsmanna þar sem vinna sem einnig væri hægt að inna af hendi í starfsstöð atvinnurekanda er unnin reglulega utan starfsstöðvarinnar. Til grundvallar rammisamningnum liggur að aðilar vinnumarkaðarins líta á fjarvinnu sem leið til að nútímavæða skipulag vinnunnar, samræma atvinnuþátttöku og einkalíf og veita starfsmönnum meira sjálfræði við framkvæmd verkefna sinna. Nýta beri á sem bestan hátt þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur og að saman fari sveigjanleiki í skipulagi vinnunnar og öryggi launafólks samhliða aukinni hagkvæmni í rekstri. Hægt er að nálgast samninginn á heimasíðu BSRB.

5. Tilskipun um bann við mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur verið skipuð nefnd til að fjalla um bann við mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Grundvallast vinna nefndarinnar á tilskipun sama efnis en samkvæmt henni á ekki að mismuna fólki á vinnumarkaði eftir aldri, kynþætti, fötlun o.s.frv. Minnisblað um tilskipunina er meðfylgjandi bréfi þessu.

6. Reglur um viðbótarlaun.

Réttindanefnd hefur fjallað um drög að reglum um greiðslu viðbótarlauna sem fjármálaráðuneytið hefur sent frá sér til umsagnar. Í 1. gr. reglnanna kemur fram að þær eigi sér stoð í 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 en BSRB hefur á fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytis gert athugasemdir við þessar reglur.

7. Réttur atvinnulausra úr Styrktarsjóði BSRB.

Starfsmannafélag Vestamanneyjabæjar óskaði eftir því að réttindanefnd fjallaði um rétt atvinnulausra félagsmanna til sjúkradagpeninga en sjóðurinn hafði hafnað umsókn atvinnulauss félagsmanns til sjúkradagpeninga. Í stuttu máli þá taldi nefndin að afgreiðsla sjóðsins hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins. Hins vegar taldi réttindanefnd ástæðu til þess að leggja til við stjórn BSRB að farið yrði yfir réttindi atvinnulausra í sjóðum innan BSRB og þau samræmd.

8. Grænappír um vinnurétt.

Framkvæmdastjórn ESB sendi frá sér Grænappírinn um vinnurétt þann 22. nóvember síðastliðinn. Markmiðið með honum er að koma af stað opinni umræðu innan ESB hvernig vinnuréttur, hvort sem um er að ræða í hverju ríki fyrir sig eða á Evrópuvísu, geti styrkt Lissabon-markmiðin svonefndu um aukinn hagvöxt í aðildarríkjunum og þar með fleiri og betri störf. Ítarlegra er fjallað um þennan Grænappír í meðfylgjandi bréfi.

Jólakveðja,
Erna Guðmundsdóttir.